

Stofnanasamningur
milli
Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og SFR
um reglur við röðun starfa, annarra en umsjón með skammtímavistun í
fangageymslum (fangavarsla)

(Skv. 11. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs dags. 9.3.2005)

1. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í SFR sem starfa hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, utan þeirra sem hafa umsjón með skammtímavistun í fangageymslum (fangavarsla) en fyrir þá gildir sérstakt samkomulag.

2. Markmið

Samningsaðilar eru sammála um að stefna beri að því að launakerfið uppfylli gagnkvæmar þarfir og væntingar stofnunarinnar og starfsfólks og hafa í því skyni sett sér eftirfarandi markmið:

- ✓ Að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- ✓ Að komið verði í veg fyrir launamun sem rekja má til kynferðis, þ.e. að greidd verði sambærileg laun fyrir sambærileg störf.
- ✓ Að launakerfið nýtist sem stjórn tæki til að ná fram markmiðum stofnunarinnar.
- ✓ Að launakerfið geti kost á að frammistaða og hæfni einstaklings í starfi sé metin og feli í sér tækifæri fyrir starfsfólk til framgangs í starfi.

3. Störf, grunnröðun starfa í launaflokk og lýsing á eðli og megininntaki starfs¹

Starf	Starfa-flokkur	Grunnröðun í launaflokk 1. maí 2007	Eðli starfs og forsendur röðunar
Aðstoðar- maður		09	Sumarstarf, afleysingastarf og starf á reynslutíma. Vinnur undir stjórn annarra.
Aðstoðar- maður/ritari	2	13	Móttaka og símvarsla, öflun upplýsinga, miðlun til starfsmanna/borgara/hagsmunaaðila, almenn skrifstofu- og ritarastörf, póstdreifing; aðstoð í þjónustumiðstöð, reynsluráðning þjónustufulltrúa. Vinnur undir stjórn annarra.
Kúrsusnemi ²	3	13	Kúrsusnemi hjá ákærusviði (háskólagráðu ekki

¹ Samkvæmt samkomulagi LRH og SFR starfsmanna við embættið (annarra en fangavarða) var grunnröðun starfa skv. stofnanasamningi SFR og LR (lagt niður um áramótin 2006-2007) breytt þann 1. febrúar 2007 til hækkunar á grunnröðun í launaflokka í flestum starfaflokkum; til viðbótar tók gildi þann 1. maí 2007 hækkun á grunnröðun um 1 launaflokk í öllum starfaflokkum, í samræmi við stofnanasamning SFR og LR 2006. Flokkur kúrsusnema er nýr starfaflokkur hjá LRH.

			lokið).
Eftirlitsmaður	4	16	Sjálfstæð umsjón með ákveðnum verkefnum í eftirlits- og leyfedeild en vinnur undir stjórn annarra. Stúdentspróf eða menntun/reynsla metin að jöfnu er forsenda.
Umsjónar- maður	5	16	Sjálfstæð umsjón með ákveðnum verkefnum en vinnur undir stjórn annarra. Verkefni geta tengst munavörslu, umsjón með húsbúnaði og fasteignatengdum þáttum og ýmsum rekstrarvörum og vörudreifingu, bílum og búnaði lögreglu. Stúdentspróf eða menntun/reynsla metin að jöfnu er forsenda.
Þjónustu- fulltrúi	6	16	Sjálfstæð umsjón með ákveðnum verkefnum en vinnur undir stjórn annarra. Þjónusta við viðskiptavini og starfsmenn, s.s. á eftirfarandi sviðum: a) sérhæfð ritarstörf b) móttaka og skráning umsókna/gagna, c) úrvinnsla gagna á grundvelli verklagsreglna og fyrirfram gefinna forsendna, s.s.; d) úrvinnsla gagna/upplýsinga sem krefst sérþekkingar, t.d. í starfsmannadeild. Stúdentspróf eða menntun/reynsla metin að jöfnu er forsenda.
Ritari lögreglustjóra	7	18	Sjálfstæð umsjón með ákveðnum verkefnum hjá lögreglustjóra. Hefur með höndum skjalavörslu og úrvinnslu trúnaðargagna/upplýsinga sem krefjast sérþekkingar. Stúdentspróf eða menntun/reynsla metin að jöfnu er forsenda.
Afgreiðslu- stjóri/deildar- eða hópstjóri	8	18	Verkstjórn og skipulagning. Útdeilir verkefnum og hefur umsjón með starfi annarra starfsmanna en þjónustar jafnframt viðskiptavini. Stúdentspróf eða menntun/reynsla metin að jöfnu er forsenda.
Launafulltrúi	9	18	Sjálfstæð umsjón með sérhæfðum verkefnum sem lúta að launa- og kjaramálum. Stúdentspróf eða menntun/reynsla metin að jöfnu er forsenda..
Aðalgjaldkeri	10	20	Hefur umsjón með sjóðum embættisins. Stúdentspróf eða menntun/reynsla metin að jöfnu er forsenda.
Aðalbókari	11	20	Hefur umsjón með rekstrar- og tekjubókhaldi og afstemmingu banka- og viðskiptareikninga og sér um greinargerðir um rekstur og ársuppgjör Stúdentspróf eða menntun/reynsla metin að jöfnu er forsenda.
Sérfræðingur	12	18	Sérfræðistörf og úrlausn ákveðinna þjónustuverkefna, s.s. umsjón og eftirlit með tölvum, símkerfi, hugbúnaði, heimasíðu/upplýsingavef o.fl. Stúdentspróf eða menntun/reynsla metin að jöfnu er forsenda.

² Kúrsusnemi er nýtt starfsheiti hjá LRH frá og með febrúar 2007

Framangreind grunnröðun í launaflokk skal vera lágmarkslaun fyrir viðkomandi starf.

Við ráðningu skal skilgreining á starfi fyrir röðun í launaflokk liggja fyrir.

4. Viðbótarforsendur við mat á röðun í launaflokka

4.1 Starfsreynsla

Starfsmaður sem hefur öðlast starfsreynslu hjá stofnuninni skal hækka um launaflokka sem hér segir. Jafnframt skal meta starfsreynslu hjá öðrum ef hún nýtist í starfi og er því talin starfsreynsla hjá stofnuninni að 2/3 hlutum eða að öllu leyti:

- 1) Starfsmaður með 1 árs starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk
- 2) Starfsmaður með 3 ára starfsreynslu skal hækka um 2 launaflokka
- 3) Starfsmaður með 7 ára starfsreynslu skal hækka um 3 launaflokka*

*Skýring varðandi lið 3: Þeir sem þegar hafa fengið 6 ára starfsreynsluhækkun þann 1. maí 2006 samkvæmt stofnanasamningi LR og SFR frá 17. maí 2005, fá ekki 7 ára hækkun.

- 4) Eftir 10 ára starfsaldur hjá embættinu skulu starfsmenn hækka um 1 launaflokk*

*Skýring varðandi lið 4: Launaflokkshækkun eftir 10 ára starfsaldur hjá LR tekur gildi hjá LRH þann 1. janúar 2007.

4.2 Menntun

Um starfaflokka 2-3 gildir almennt að krafist er viðeigandi færni og reynslu. Starfsmaður sem hefur menntun sem nýtist í starfi og hefur ekki verið tekið tillit til í grunnröðun starfsins, skal hækka um launaflokka sem hér segir:

Tveggja vetra starfsnám eða nám í fjölbrautaskóla gefur hækkun um 1 lfl.

Stúdentspróf eða sambærilegt starfsréttindanám gefur 1 lfl. til viðbótar.

Tveggja ára háskólanám og annað sérnám sem metið er að jöfnu eftir stúdentspróf gefur hækkun um 1 lfl.

Háskólapróf (BA/BSc) til viðbótar eða annað jafngilt nám gefur 1 lfl.

Starfsnám/símenntun

Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun sem viðurkennd er af samningsaðilum eða starfsmenntun/námskeiðum sem nýtast í starfi, skal hækka um launaflokka sem hér segir þegar skilgreindri tímalengd námskeiða er náð:

Starfsmaður skal, þegar 60 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk

Starfsmaður skal, þegar 110 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk til viðbótar

Starfsmaður skal, þegar 190 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk til viðbótar

Vegna starfsnáms/símenntunar geta starfsmenn samanlagt hækkað um 3 launaflokka.

Starfsmenntun/námskeið sem starfsmaður hefur stundað sl. 3 ár, skal meta á sama hátt.

4.4 Mat á störfum

Breytingar á störfum geta orðið til þess að starfi verði raðað ofar í launaflokkaröðun en grunnröðun ætlar. Einhverjar neðangreindar forsendur geta haft áhrif til þessa:

- Starfið felur í sér sérstaka ábyrgð og eða flókin verkefni
- Starfið felur í sér ábyrgð staðgengils yfirmanns
- Starfinu fylgir kennsla eða leiðsögn við aðra starfsmenn
- Starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan
- Starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið

Leggja skal fram í samstarfsnefnd skrifleg rök þar sem kemur fram hvaða forsendur liggja að baki mati.

4.5 Mat á persónulegri hæfni og frammistöðu

Heimilt er að hækka starfsmann um launaflokk ef hann uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur:

- Starfsmaðurinn er með sérstaka menntun sem nýtist í starfi
- Starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi
- Starfsmaður sýnir hæfni til samvinnu og sveigjanleika í starfi (“flakkari”)
- Starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi

Stjórnendur hafi jafnræðisreglu í heiðri þegar starfsmaður er hækkaður um launaflokk á grundvelli hæfni og frammistöðu.

5. Starfsmannasamtöl og launaviðtöl

Árlega eru haldin starfsmannasamtöl þar sem starfsmaður og yfirmaður fara sameiginlega yfir/endurskoða starf og starfssvið starfsmannsins og meta frammistöðu og árangur. Í kjölfar árlegs starfsmannasamtals getur starfsmaður farið fram á launaviðtal við starfsmannastjóra.

6. Annað

Áður en nógildandi kjarasamningur rennur út (30.4.2008) mun samstarfsnefnd vinna tillögur að námskeiði fyrir starfsmenn sem hafa verið í starfi hjá embættinu í meira en 5 ár.

7. Endurskoðun og gildistími

Stofnanasamningurinn tekur gildi frá og með 1. maí 2007.

Endurskoða skal samninginn samkv. kafla 11 í kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra.

Reykjavík 15. júní 2007

Halldór Halldórsson, framkv.stj.

Þórarinn Eyfjörð, framkv.stj. SFR

Sigríður Hrefna Jónsd., starfsmannastj.

Ólafía K. Sigurgarðsdóttir, trúnaðarm. SFR